

Þannig samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og stjórn Sjúkrasjóðs Mývatnssveitar og ungmennafélaginu Mývetningur. **36**

18. maí

Gautlöndum, 10. febrúar 1937.

Jón Gauti Pétursson.
Sígfús Hallgrímsson.

Sigurður Einarsson.
Hermann Hjartarson.
Óskar Illugason.

Páll Jónsson.
Jónas Helgason.

AUGLÝSING

37

um breyting á samþykkt nr. 56 5. júní 1937, um lokunartíma skósmíðavinnustofa í Reykjavík. **37**

26. maí

2. grein, 1. mgr. orðist svo:

Alla virka daga árs skal skósmíðavinnustofum lokað ekki síðar en kl. 6 síðdegis, nema föstudaga kl. 8 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir:

2. grein, 4. mgr. orðist svo:

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka stofunum eigi síðar en kl. 1 síðdegis. Þó má jafnan vera opið til kl. 6 síðdegis laugardaginn fyrir hvítasunnu.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. maí 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

38

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins Fákur. **38**

31. maí

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 2 kr., 5 kr. og 10 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefir verið um, á þann hest, er vinnur.
- b. Afganginum (20%) sé varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvegar Reykvíkinga. Tillagið til reiðvegarins má þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af starfsemi þessari.

38
31. maí

4. gr.
Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út. Útkoman auglýst, og vinningar borgaðir þegar í stað, gegn framvísun veðmiða.

5. gr.
Engin upphæð verður endurgreidd ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað, og komi af þeim eða öðrum orsökum ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

6. gr.
Ef hlaup verður ógilt endurgreiðist veðfé aftur að frádregnum 20%.

7. gr.
Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt, að innskot fáiast að fullu aftur.

8. gr.
Þeir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurði dómnefndar t. d. þegar knapi er dæmdur úr leik missir hestur hans rétt til veðfjár o. s. frv.

9. gr.
Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.
Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.
Reglugerð þessi gengur í gildi 1. júní næstkomandi og gildir til 1. júní 1939.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 31. maí 1927 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli

Í dómsmálaráðuneytinu, 31. maí 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

39
1. júní

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt nr. 18 12 apríl 1921, um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.

1. mgr. 2. gr. samþykktar um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum frá 12. apríl 1921 orðist svo:

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 e. h. og eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis, þó með þeim undantekningum að á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skulu þær opnaðar eigi fyrr en kl. 9 árdegis og lokaðar eigi síðar en kl. 6 e. h. alla virka daga, að laugardegi undanskildum, en þann dag skal þeim lokað eigi síðan en kl. 2 e. h.

Brauðsölubúðir skulu opnar alla virka daga frá kl. 9 f. h. til kl. 7 e. h. og á sunnudögum frá kl. 9 f. h. til kl. 3 e. h. og frá kl. 6 e. h. til kl. 7 e. h.